

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 456. mál.

Þann 28. janúar óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/EB). Frumvarpið er unnið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og byggir á vinnu vinnuhóps á vegum ráðuneytisins. Á haustdögum 2015 hélt ráðuneytið fund til kynningar á frumvarpinu og birtust drög frumvarpsins í kjölfarið á vef ráðuneytisins til umsagnar. FA sendi ráðuneytinu umsögn sína þann 30. september 2015.

FA fagnar því að regluverk um ársreikninga verði einfaldað með framlögðu frumvarpi enda er skýrt og einfalt regluverk á því sviði mikið hagsmunamál fyrir fyrirtækin í landinu. Frumvarpið er að ýmsu leyti til bóta en þar ber helst að nefna einföldun reglna sem lúta að smærri fyrirtækjum. FA telur hins vegar nauðsynlegt að gera athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

1. Stærðarmörk örfélaga

Ein meginbreyting frumvarpsins lýtur að minnstu félögunum en mælt er fyrir um nýja stærðarflokken svokallaðra örfélaga. Skilgreiningu á örfélögum er að finna í a-lið 10. töluliðar 2. gr. frumvarpsins:

Örfélag: félag sem við uppgjörsdag fer ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðunum:

1. niðurstöðutölu efnahagsreiknings: 20.000.000 kr.
2. hreinni veltu: 40.000.000 kr.
3. meðalfjölda ársverka á fjárhagsárinu: 3

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins felur frumvarpið í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins 2013/34/EB sem fjallar um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð og fellir úr gildi fyrri ársreikningatilskipanir Evrópusambandsins 78/66/EB og 86/349/EB. Þá segir: *Áriðandi er að samræma löggyjöf innan EES-svæðisins varðandi framsetningu og efni árlegra reikningsskila og aðferðir sem þar eru notaðar og birtingu reikningsskila [...]* FA tekur heils hugar undir þessi orð. Með hliðsjón af þeim skýtur hins vegar skökku við að skilgreining laganna á örfélögum sé mun þrengri en skilgreining tilskipunarinnar en þar segir:

1. In applying one or more of the options in Article 36, Member States shall define micro-undertakings as undertakings which on their balance sheet dates do not exceed the limits of at least two of the three following criteria:

- (a) balance sheet total: EUR 350 000;
- (b) net turnover: EUR 700 000;
- (c) average number of employees during the financial year: 10.

Viðmiðunartölurnar í íslenskum krónum eru 50 milljónir kr. í niðurstöðutölu efnahagsreiknings, 100 milljónir í hreina veltu og 10 ársverk.

Með því að skilgreina örfélög hér á landi með mun þrengri hætti en gert er í tilskipuninni er opnað fyrir misræmi varðandi efni ársreikninga sambærilegra félaga að stærð milli landa. Félög sem myndu teljast til örfelaga í öðrum löndum myndu þannig flokkast til lítilla félaga hér á landi og þurfa þar með að veita ítarlegri upplýsingar en sambærileg félög erlendis.

Stærðarmörk annarra félaga; lítilla, meðalstórra og stórra eru þau sömu og í ársreikningatilskipuninni. Rökin sem færð eru fyrir því í athugasemdum frumvarpsins að hafa stærðarmörk örfélaga önnur og þrengri en í tilskipunni eru ekki beysin en þar segir:

Þau ákvæði í tilskipun 2013/34/ESB er lúta að einföldun fyrir örfelögum eru valkvæð og er það látið í hendur EES-ríkjanna að ákveða hvort og þá hvernig þau vilja haga einföldun sérstaklega fyrir þessi allra minnstu félög Evrópu. Áætlað er að um 75% félaga í Evrópu falli undir stærðarmörk tilskipunarinnar. Vinnuhópurinn sem fór yfir tilskipunina skoðaði þessi mörk með tilliti til markaðarins hér á landi eins og nágrannalönd okkar gerðu einnig. Ekki treystu þau sér öll til að fylgja stærðarmörkunum þar sem hlutfall örfelaga fór upp í um 90% félaga sumra ríkja. Svo var einnig hér á landi og því er lagt til í þessu frumvarpi að stærðarmörk fyrir örfélög verði lækkuð þannig að þau nái til um 80% félaga.

Rökin eru með öðrum orðum þau að það að 90% félaga geti talist til örfelaga sé of mikið en 80% sé passlegt. Ástæðu þessa er hvergi getið, þ.e. hvaða skaði geti af því hlotist að skilgreina örfélög með sama hætti og gert er í ársreikningatilskipuninni. Telur FA engin efni standa til þess að gera ríkari kröfur til íslenskra félaga á þeim grundvelli einum að stærstur hluti íslenskra fyrirtækja sé smár í sniðum miðað við félög í öðrum löndum Evrópu. Með hliðsjón af framangreindu leggur FA til að stærðarmörkum örfelaga verði breytt til samræmis við skilgreiningu tilskipunarinnar um örfélög. Þar með næst mikilvægt samræmi löggjafar á EES-svæðinu hvað þessi félög varðar auk þess sem fleiri fyrirtæki njóta sérreglna laganna um örfélög sem einfalda ársreikningaskil til muna.

2. Heimild til skila á samandregnnum reikningi

Samkvæmt frumvarpinu verður felld niður heimild félaga innan tiltekinna stærðarmarka til að skila samandregnnum ársreikningi til ársreikningaskrár, sbr. 2. mgr. 109. gr. nágildandi laga. Heimildin í 2. mgr. 109. gr. er svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fara ekki fram úr stærðarmörkunum í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu ársreiknings, sbr. 3. gr., ásamt áritun endurskoðenda [eða undirritun skoðunarmanna]¹⁾ og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum]²⁾ og ekki heldur til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína eða félaga sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum skv. 2. mgr. 92. gr.

Ákvæðið vísar til 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna varðandi stærðarmörk en þau eru: a) eignir nemi 300.000.000 kr., b) rekstrartekjur nemi 600.000.000 kr. og c) fjöldi ársverka á reikningsári sé 50.

Niðurfelling þessi er rökstudd í athugasemdum frumvarpsins með vísan til hinna nýju reglna hvað varðar örfélög, en þeim er heimilt að skila til ársreikningaskrár rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðu á skattframtali félagsins. Þá þarf ekki að láta sjóðstreymi, skýringar, skýrslu stjórnar eða staðfestingu skoðunarmanns fylgja með slíkum reikningi.

Stærðarmörk örfélaga eru mun lægri en þau sem skilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Ljóst er að hluti þeirra félaga sem gátu nýtt sér heimild 2. mgr. 109. gr. til þess að skila samandregnum reikningi geta ekki nýtt sér hina nýju heimild örfélaga. Ekkert er vikið að þessari staðreynnd í athugasemdum frumvarpsins eða rök færð fyrir þeirri skerðingu sem niðurfelling heimildarinnar felur í sér fyrir þann hluta fyrirtækja. FA bendir á að mikilvægt er að fyrirtæki sé heimilt að skila inn samandregnum ársreikningi m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, sérstaklega þegar um minna fyrirtæki er að ræða sem jafnvel starfar á tiltölulega litlum markaði. Það að keppinatur geti rýnt í rekstur félags getur haft í för með sér gífurlegt tjón fyrir félagið. Þá eru nágildandi stærðarmörk mun lægri en tilskipunin gerir ráð fyrir í 14. gr. Með vísan til þess leggur FA til að nefnd heimild verði ekki felld út úr lögunum heldur beri að aðlaga hana breyttu regluverki með þeim hætti að þau fyrirtæki sem geta í dag nýtt sér þessa mikilvægu heimild en teljast ekki til örfélaga missi ekki rétt sinn. Þá er nauðsynlegt að færa stærðarmörk heimildarinnar til samræmis við EES-rétt.¹

3. Skil á samandregnum rekstrarreikningi vegna sérstakra samkeppnisaðstæðna

Í frumvarpinu er lagt til að 116. gr. laganna falli brott en sí grein felur í sér mikilvæga heimild félaga sem ekki fara fram úr tilteknum stærðarmörkum að skila inn samandregnum rekstrarreikningi þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því. Rökstuðningur þessa er á þá leið að nú muni um 80% félaga hér á landi sem teljist til örfélaga geta skilað inn rekstrar- og efnahagsyfirliti byggðu á skattframtali félaga. Þar sem þannig sé búið að einfalda skil mikils meiri hluta félaga á Íslandi og vegna flókins mats á samkeppnisaðstæðum sé lagt til að greinin falli brott.

FA fellst ekki á þessi rök og telur mikilvægt að nefnd heimild 116. gr. haldi sér í lögum. Þrátt fyrir að um 80% félaga geti nýtt sér nýjar reglur um örfélög og njóti verulegrar hagræðingar þar af eru 20% félaga hér á landi sem munu þá verða skyldug til skila á fullum ársreikningi sama hvað. Nauðsynlegt er fyrir þessi félög að í lögum sé að finna heimild til skila á samandregnum rekstrarreikningi enda getur það verið fyrirtækjum til mikils tjóns að keppinatur geti rýnt í rekstur þeirra.

4. Skylda til kosningar endurskoðanda/endurskoðunarfyrtækis

Ákvæði 98. gr. mælir fyrir um í hvaða tilvikum fyrirtækjum er ekki skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðandafyrtæki. Fyrirtækjum er það heimilt sem eru undir tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö næstliðin reikningsá: a) eignir 200.000.000, b) rekstrartekjur 400.000.000 kr. og c) fjöldi ársverka á reikningsári 50. Stærðarmörk ákvæðisins haldast óbreytt verði frumvarpið að lögum.

¹ <http://www.atvinnurekendur.is/birting-arsreikninga>

Í athugasemnum frumvarpsins er bent á að einungis 3-4% félaga séu yfir núverandi stærðarmörkum og þannig skylt að láta endurskoða ársreikninga sína. Ekki sé því talin ástæða til þess að endurskoða stærðarmörk 1. mgr. 98. gr. laganna. FA telur þvert á móti fulla ástæðu til að endurskoða nefnd stærðarmörk. Samkvæmt 34. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin tryggja að ársreikningar meðalstórra, stórra félaga og eininga tengdra almannahagsmunum séu endurskoðaðir. Verði stærðarmörkin óbreytt verður gengið lengra hér á landi og hluti lítilla félaga gerður skyldugur til að kjósa sér endurskoðanda. FA leggur áherslu á að kostnaður vegna endurskoðunar er jafnan stór kostnaðarliður fyrir fyrirtæki á hverju ári. Það að einungis 3-4% félaga séu yfir núverandi stærðarmörkum réttlætir ekki að slík kvöð sé lögð á lítil fyrirtæki umfram skyldu samkvæmt EES-rétti. Þá er bent á að þrátt fyrir að stærðarmörk hækki hafa fyrirtæki eftir sem áður val um að setja sér strangari kröfur, t.d. vegna kröfu fjármálaufyrirtækja eða birgja. Leggur FA því til að mörkin verði hækkuð til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar þannig að einungis meðalstórum, stórum félögum og einingum tengdum almannahagsmunum sé skylt að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

5. Viðurlög

Töluberð breyting er gerð á ákvæðum laganna um stjórnvaldssektir. Heimild ársreikningaskrár til beitingar stjórnvaldssektar er skipt út fyrir skyldu. Þannig ber ársreikningaskrá að leggja 600.000 kr. sekt á félag sem vanrækt hefur skyldu til að skila ársreikningi eða samstæðureikningi sem og ef reikningarnir uppfylla ekki ákvæði laganna. Afsláttur fæst af sektinni ef greitt er innan tiltekins tíma. Sú breyting er einnig gerð að ákvarðanir ársreikningaskrár eru ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

FA telur nauðsynlegt að gera ráð fyrir þeim möguleika að ársreikningi sé ekki skilað vegna mistaka, t.d. við sendingu til ársreikningaskrár. Í slíkum tilvikum er hvorki um ásetning né gáleysi að ræða og því ótækt að fyrirtæki þurfi að greiða sekt vegna þess. Hafa verður í huga að stjórnvaldssektir eru afar íþyngjandi og ber að hafa meðalhófsregluna að leiðarljósi við setningu lagaákvæða um beitingu slíkra sektar. Með hliðsjón af framangreindu sem og að ákvörðunin verður ekki kæranleg til æðra stjórnvalds leggur FA til að heimilt verði að fella niður sektina við tilteknar aðstæður.

Virðingarfyllst,

Inga Skarphéðinsdóttir

Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur